Málavextir og málsástæður: Fjárfraða máls þessa er tilkomin vegna námsláns stefnda, sem hann fékk greitt út hjá stefnanda á árinu 2013. Í samræmi við lög nr. 21/1992 um Lánasjóð íslenskra námsmanna er giltu þegar lánið var tekið gaf stefndiút skuldabréf nr. G-241818 þann 4. september 2013 þar sem hann undirritaði skilmála lánsins, sem einnig eru í samræmi við ákvæði laga nr. 21/1992. Lánið er verðtryggt miðað við vísitölu neysluverðs en verðtrygging lánsins reiknast frá fyrsta degi næsta mánaðar eftir að lánið er tekið eða einstakir hlutar þess greiddir út til fyrsta dags þess mánaðar eftir að greiðsla fer fram. Lánið ber breytilega vexti sem eru 0,4% samkvæmt úthlutunarreglum stefnanda og reiknast frá námslokum, sem samkvæmt ákvæðum skuldabréfsins eru ákvörðuð að hálfu stefnanda. Endurgreiðsla lánsins hefst tveimur árum eftir námslok lánakanda, sem í því tilviki sem hér um ræðir voru þann 29. júní 2013. Jafnframt veitti stefndistefnanda heimild til þess að fylla út samanlagða fjárhæð lánsins og grunnvísitölu inn á skuldabréfið við námslok, í samræmi við ákvæði þágildandi laga nr. 21/1992. Við útfyllingu skuldabréfsins nam heildarfjárhæð umrædds láns 409.788 krónum miðað við grunnvísitölu 411,5.

Um endurgreiðslu á láninu fer samkvæmt þágildandi lögum nr. 21/1992, ásamt síðari breytingum. Árleg endurgreiðsla lánsins ákvarðast í tvennu lagi, þ.e. annars vegar er föst árgreiðsla með gjalddaga 1. mars ár hvert, sem tekur breytingum í hlutfalli við vísitölu neysluverðs og hins vegar er tekjutengd árgreiðsla með gjalddaga 1. september ár hvert, sem er ákveðið hlutfall af tekjustofnilánþega árið á undan, að frádreginni föstu greiðslunni.

Fyrsti gjalddagi lánsins var átti að vera þann 30.06.2015 samkvæmt skilmálum skuldabréfsins en stefndi sótti um og fékk samþykkt undanþágu frá afborgunum lánsins á árunum 2015 og 2016. Reglubundnar afborganir lánsins hófust síðan þann 1. mars 2017 en afborganir hafa verið í vanskilum frá gjalddaga 1. mars 2019. Samtals er stefnufjárhæð máls þessa kr. 209.472 krónur og er um að ræða eftirstöðvar lánsins alls.

Nánari sundurliðun kröfunnar er sem hér segir:

Gjaldfallin afborgun	dags.	1.03.2019	kr. 136.487
	dags.	01.03.2020	kr. 72.985

Samtals

kr. 209.472

Inn á skuldina hafa verið greiddar innborganir samtals að fjárhæð 111.000 krónur og hefur verið tekið tillit til innborgana í dómkröfu.

Þar sem innheimtutilraunir hafa ekki borið frekari árangur er stefna þessi nauðsynleg.

Stefna þessi er birt í Lögbirtingablaði með vísan til a-liðar, sbr. b-liðar 89. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Stefndi er búsettur í Danmörku skv. Þjóðskrá. Fyrirhugað var að þingfesta stefnu á hendur stefnda með þingfestingadegi 14. desember 2023 og stefna var þýdd yfir á dönsku löggilt og send til sýslumannsins á Suðurnesjum sem annast stefnubirtingar. Stefnan kom til baka þann 23. ágúst 2023 en birtingin reyndist árangurslaus þar sem stefndi hafði flutt af uppgefnu heimilisfangi árinu áður. Óskað var í framhaldinu eftir aðstoð erlends innheimtuaðila við leit að öðru heimilisfangi hjá stefnda í Danmörku. Þann 10. nóvember 2023 bárust upplýsingar um heimilisfang stefnda í Danmörku en hann var enn skráður á sama heimilisfang, og reynt var að birta á. Þar sem ekkert annað heimilisfang fannst var leitast eftir aðstoð Utanríkisráðuneytisins á þeim forsendum að heimilisfang stefnda væri óþekkt í Danmörku. Stefna var þá aftur þýdd yfir á dönsku, löggilt, og var móttækin hjá ráðuneytinu þann 25. mars 2024. Fyrirhugað var að þingfesta stefnuna þann 14. september 2024. Þau svör bárust frá ráðuneytinu að þar sem heimilisfang stefnda teldist ekki vera óþekkt þá gæti ráðuneytið ekki haft milligöngu um stefnubirtingu. Leitast var eftir því við Utanríkisráðuneytið að leita að öðru heimilisfangi í danskri þjóðskrá en samkvæmt tölvupósti frá ráðuneytinu þann 16. júlí 2024 er niðurstaða sú sama, Refshalevej 190, Danmörk. Að öllu framangreindu virtu á stefnandi því engan annars kost en að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaði.

Þess er krafist að við ákvörðun málskostnaðar verði tekið tillit til þess kostnaðar sem hefur hlotist af þýðingu stefnunnar vegna birtingar hennar á hendur stefnda í Danmörku, auk kostnaðar af stefnubirtingu að því leyti sem hann reynist hærri en almennt er hér á landi. Gögn vegna þess kostnaðar verða lögð fram við þingfestingu málsins.

Stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur aðili og gerir því kröfu um að við ákvörðun málskostnaðar verði tekið tillit til skyldu til greiðslu virðisaukaskatts af þóknun lögmanns.

Lagarök: Mál þetta er höfðað og rekið samkvæmt XVII. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Stefnandi vísar til laga nr. 21/1992 um Lánasjóð íslenskra námsmanna, með síðari breytingum, sbr. lög nr. 60/2020 um Menntasjóð námsmanna sem og til útgefinna reglugerða og úthlutunarreglna Menntasjóðs námsmanna, sem í gildi eru á hverjum tíma. Þá er enn fremur vísað til almennra reglna kröfu- og samningaréttarins um greiðslu fjárskuldbindinga. Um dráttarvaxtakröfu er vísað til III. og V. kafla laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.

Varðandi varnarþing er vísað til 3. mgr. 42. gr. laga nr. 91/1991 en málið er rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur samkvæmt sérstöku ákvæði í skuldabréfinu sjálfu. Varðandi kröfu um málskostnað vísar stefnandi til 129. og 130. gr. laga nr. 91/1991. Um kröfu um virðisaukaskatt á málskostnað er vísað til laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt, en stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur og er því nauðsyn að fá dæmdan virðisaukaskatt úr hendi stefnda.

Sönnunargögn: Við þingfestingu máls þessa mun stefnandi meðal annars leggja fram eftirtalin gögn:

1. Stefna.
2. Skrá.
3. Frumrit skuldabréfs nr. G-241818.
4. Yfirlit yfir lánveitingu og útborgun lánsins.
5. Upplýsingar um námslok.
6. Yfirlit yfir undanþágur frá afborgunum.
7. Yfirlit yfir gjalddaga lánsins.
8. Yfirlit yfir innborganir.
9. Innheimtuviðvörðun dags. 17.04.2019.
10. Innheimtubréf dags. 14.05.2019.
11. Reikningar vegna þýðingar stefnu.
12. Upplýsingar frá erlendum innheimtuaðila um heimilisfang stefnda þann 10.10.2022.
13. Gögn frá sýslumanninum á Suðurnesjum um árangurslausa stefnubirtingu í Danmörku þann 23.08.2023.

14. Afrit af þýddri stefnu sem þingfesta átti þann 14.12.2023.
15. Upplýsingar frá erlendum innheimtuaðila um heimilisfang stefnda þann 10.11.2023.
16. Beiðni til Utanríkisráðuneytisins um birtingu á stefnu mótttekið dags. 25.03.2024.
17. Afrit af þýddri stefnu sem þingfesta átti þann 12.09.2024.
18. Svar frá Utanríkisráðuneytinu um birtingu á stefnu dags. 03.07.2024.
19. Upplýsingar um heimilisfang stefnda frá Utanríkisráðuneytinu dags. 16.07.2024.

Áskilnaður: Stefnandi áskilur sér rétt til að koma að frekari gögnum, rökum og málsástæðum undir rekstri málsins, gefist tilefni til. Stefnandi áskilur sér jafnframt rétt til að taka aðila- og vitnaskýrslur við aðalmeðferð málsins, komi til hennar og gefi varnir stefnda tilefni til.

Áskorun og fyrirkall: Hér með stefnist því stefnda til þess að mæta er mál þetta verður þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur, dómhúsinu við Lækjartorg, Reykjavík, dómsal 102, fimmtudaginn þann 17. október 2024, kl. 10.00 árdegis, til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, hlýða á dómkröfur og sókn sakar, svara til saka og leggja fram gögn af sinni hálfu. Ef ekki verður mætt af hálfu stefnda við þingfestingu málsins má búast við því að útvistardómur gangi í málinu. Stefnufrestur er einn mánuður.

Reykjavík, 21. ágúst 2024.
F. h. Hildar Þórarinsdóttur lögmanns,
Dagbjört Hauksdóttir lögfræðingur.

(2024017511

Útgáfud.: 10. september 2024

Stefna til greiðslu skuldar

Menntasjóður námsmanna,
kt. 710169-0989,
Borgartúni 21, Reykjavík,

gerir kunnugt: að hann þurfi að höfða mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur á hendur: Vignir Már Haraldsson, kt. 200469-3809, Bretland.

Dómkröfur: Stefnandi gerir þær dómkröfur aðstefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð 2.596.169 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 af kr. 90.036 frá 1. mars 2022 til 1. september 2022, af kr. 545.081 frá 1. september 2022 til 1. mars 2023, af kr. 643.525 frá 1. mars 2023 til 25. maí 2023, af kr. 2.596.169 frá 25. maí 2023 til greiðsludags. Kröfunúmer: 1013-220017.

Að auki er krafist málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefnda að mati réttarins eða samkvæmt málskostnaðarreikningi.

Málflutningsumboð og fyrirvar: Undirritaður lögmaður, Hildur Þórarinsdóttir, Borgartúni 26, Reykjavík, fer með mál þetta fyrir hönd stefnanda.

Fyrirvarsmaður stefnanda er Hrafnhildur Ásta Þorvaldsdóttir, framkvæmdastjóri stefnanda, með starfstöð að Borgartúni 21, Reykjavík.

Málavextir og málsástæður: Fjárfrafa máls þessa er til komin vegna námslána stefnda en hann fékk greidd út námslán hjá stefnanda á árinu 1992. Í samræmi við lög nr. 72/1982, er giltu er lánið var tekið, gaf stefndi út skuldabréf við hverja útborgun námslána.

Alls gaf stefndi út tvö skuldabréf til stefnanda en um er að ræða eftirtalin skuldabréf:

Nr. T-217636 upphaflega að fjárhæð 661.797 krónur, útgefið þann 16. janúar 1992, með grunnvísitölu L-3198.

Nr. T-222190 upphaflega að fjárhæð 75.875 krónur, útgefið þann 2. apríl 1992, með grunnvísitölu L-3203.

Samkvæmt lögum nr. 72/1982 og ákvæðum skuldabréfanna er lánið verðtryggt miðað við lánskjaravísitölu en ber enga vexti. Verðtryggingin reiknast frá fyrsta degi næsta mánaðar eftir að lánið er tekið eða einstakir hlutar þess greiddir út til fyrsta dags þess mánaðar er greiðsla fer fram. Endurgreiðsla hefst þremur árum eftir námslok lánþega, sem samkvæmt ákvæðum skuldabréfsins eru ákvörðuð af hálfu stefnanda. Í því tilviki sem hér um ræðir voru námslok, þ.e. lokun skuldabréfsins, miðuð við þann 15. febrúar 1995. Í janúar á því ári sem endurgreiðslur lánsins skyldu hefjast voru framangreind skuldabréf, sem stefndi hafði gefið út vegna lánsins, uppreiknuð miðað við grunnvísitölu þess mánaðar og sameiginleg fjárhæð þeirra færð inn í innheimtugerfi stefnanda. Vísitalan þegar skuldabréfin voru sameinuð og skráð í innheimtugerfi stefnanda var 33850, þ.e. lánskjaravísitala 1. janúar 1995. Þannig uppreiknuð var staða lánsins í heild 780.681 krónur. Af þessu tilefni fengu skuldabréfin sameiginlegt lánsnúmer í innheimtugerfi stefnanda, S-954813.

Um endurgreiðslu lánsins fer samkvæmt þágildandi lögum nr. 72/1982 og ákvæðum skuldabréfanna en annars vegar er um að ræða fasta ársgreiðsla með gjalddaga 1. mars ár hvert, sem breytist á hverju ári í hlutfalli við lánskjaravísitölu 1. janúar hvers árs og hins vegar tekjutengda ársgreiðsla með gjalddaga 1. september ár hvert, sem miðast við ákveðinn hundraðshluta af útsvarsstofni næsta árs á undan endurgreiðsluári, að frádreginni föstu greiðslunni.

Endurgreiðslu lánsins áttu að hefjast árið 1998 samkvæmt ákvæði skuldabréfsins en endurgreiðslur lánsins frestuðust fram til ársins 2022 þar sem lantakanda bar fyrst að greiða af eldri R lánunum nr. R-000617 og nr. R-015864 sbr. 2. mgr. 18. gr. laga nr. 21/1992 um innheimturöð námslána. Lán nr. R-000617 er uppgreitt en lán nr. R-015864 er í vanskilum og var gjaldfellt þann 11. október 2021 vegna verulegra vanskila stefnda á því láni. Afborganir lánsins sem um ræðir í máli þessu hafa verið í vanskilum frá 1. mars 2022. Samkvæmt ákvæðum skuldabréfanna og almennum reglum kröfuréttarins, var lánið gjaldfellt þann 25. apríl 2023 vegna verulegra vanskila stefnda en þá voru gjaldfallnar afborganir samtals að fjárhæð 643.525 krónur, en eftirstöðvar lánsins voru þá 1.952.644 krónur uppreiknað miðað við vísitölu þann dag sem var 11399.

Nánari sundurliðun stefnukröfunnar er sem hér segir:

Gjaldfallin afborgun	dags. 1. mars 2022	kr. 90.036
	dags. 1. september 2022	kr. 455.045
	dags. 1. mars 2023	kr. 98.444
Samtals.		kr. 643.525
Gjaldfallnar eftirstöðvar.		kr. 1.952.644
Samtals.		kr. 2.596.169

Þar sem innheimtutilraunir hafa ekki borið árangur er stefna þessi nauðsynleg.

Stefna þessi er birt í Lögbirtingablaði með vísan til b. liðar 1. mgr. 89. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. Stefndi er búsettur í Bretlandi samkvæmt þjóðskrá. Stefna sem þingfesta átti þann 14. mars 2024 var þýdd og send í birtingu til Bretlands fyrir milligöngu sýslumannsins á Suðurnesjum þann 30. október 2023 en frestur til að birta stefnuna fyrir stefnda var nánar tilgreindur í Haag eyðublaðinu til breskra yfirvalda sem var í síðasta lagi þann 14. febrúar 2024. Gögn um stefnubirtingu bárust frá Bretlandi þann 2. júlí 2024 þar sem kom fram að stefnan hafi verið birt stefnda þann 2. maí 2024 á heimilisfangi hans í Bretlandi, eða rúmlega tveimur mánuðum eftir stefnufrestinn. Stefndi á því ekki annars kosta vöð en að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaði þar sem erlend yfirvöld í Bretlandi létu hjá líða að verða við ósk um birtingu stefnunnar innan stefnufrestsins.

Þess er krafist að við ákvörðun málskostnaðar verði tekið tillit til þess kostnaðar sem hefur hlotist af þýðingu stefnunnar vegna birtingar hennar á hendur stefnda í Bretlandi auk kostnaðar af stefnubirtingu að því leyti sem hann reynist hærri en almennt er hér á landi. Gögn vegna þess kostnaðar verða lögð fram við þingfestingu málsins.

Stefndi er ekki virðisaukaskattskyldur aðili og gerir því kröfu um að við ákvörðun málskostnaðar verði tekið tillit til skyldu til greiðslu virðisaukaskatts af þóknun lögmanns.

Lagarök: Mál þetta er höfðað og rekið samkvæmt XVII. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Stefndi vísar til laga nr. 72/1982 um námslán og námsstyrki, sbr. lög nr. 60/2020 um Menntasjóð námsmanna, sem og til útgefna reglugerða og úthlutunarreglna Menntasjóðs námsmanna sem í gildi eru á hverjum tíma. Þá er enn fremur vísað til almennra reglna kröfu- og samningaréttarins um greiðslu fjárskuldbindinga. Um

dráttarvaxtakröfu er vísað til III. og V. kafla laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Varðandi varnarþing er vísað til 3. mgr. 42. gr. laga nr. 91/1991 en málið er rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur samkvæmt sérstöku ákvæði í skuldabréfinu sjálfu. Varðandi kröfu um málskostnað vísar stefnandi til 129. og 130. gr. laga 91/1991. Um kröfu um virðisaukaskatt á málskostnað er vísað til laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt en stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur og því er nauðsyn að fá dæmdan virðisaukaskatt úr hendi stefnda.

Áskilnaður: Stefnandi áskilur sér rétt til að koma að frekari gögnum, rökum og málsástæðum undir rekstri málsins, gefist tilefni til. Stefnandi áskilur sér jafnframt rétt til að taka aðila- og vitnaskýrslur við aðalmeðferð málsins, komi til hennar og gefi varnir stefnda tilefni til.

Sönnunargögn: Við þingfestingu máls þessa mun stefnandi meðal annars leggja fram eftirtalin gögn:

1. Stefna.
2. Skrá.
3. Frumrit skuldabréfa.
4. Yfirlit yfir útgefin skuldabréf.
5. Upplýsingar um námslok.
6. Greiðsluyfirlit vegna láns nr. S-954813 dags. 25. apríl 2023.
7. Yfirlit vegna gjalddaga vegna láns nr. S-954813.
8. Greiðsluyfirlit yfir eldra lán nr. R-015864 dags. 16. október 2024.
9. Yfirlit yfir greiðslur eldra láns nr. R-000617.
10. Yfirlit stefnandi yfir stöðu lánsins dags. 25. apríl 2023.
11. Yfirlit stefnanda yfir skuldabréf dags. 25. apríl 2023.
12. Innheimtuviðvörðun dags. 26. apríl 2022.
13. Innheimtubréf dags. 25. maí 2022.
14. Tilkynning um gjaldfellingu lánsins dags. 25. apríl 2023.
15. Reikningur vegna þýðingar stefnu dags. 17. október 2023.
16. Upplýsingar frá sýslumanninum á Suðurnesjum um stefnubirtingu dags. 2. júlí 2024.
17. Birtingavottorð frá enskum yfirvöldum móttekið dags. 24. júní 2024.
18. Haag eyðublað vegna beiðnar um stefnubirtingu.
19. Afrit af þýddri stefnu sem þingfesta átti þann 14. mars 2024.

Áskorun og fyrirfall:

Fyrir því stefnist hér með stefnda, til þess að mæta, er mál þetta verður þingfest í héraðsdómi Reykjavíkur, dómhúsinu við Lækjartorg, Reykjavík, dómsal 102, fimmtudaginn 17. október 2024 kl. 10.00, til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í dóm lögd, hlýða á dómkröfur og sókn sakar, svara til saka og leggja fram gögn af sinni hálfu. Ef ekki verður mætt af hálfu stefnda við þingfestingu málsins má búast við því að útivistardómur gangi í málinu.

Stefnufrestur er einn mánuður.

Reykjavík, 22. ágúst 2024.

F. h Hildar Þórarinsdóttur lögmanns,

Dagbjört Hauksdóttir lögfræðingur.

(2024017513

Útgáfud.: 12. september 2024

Stefna - til viðurkenningar á eignarétti

Ólafur Björnsson,

kt. 180662-2009,

lögmaður á Selfossi,

gjörir kunnugt: Að hann þurfi fyrir hönd Eiríks Jónsson, kt. 140465-5429, bónda í Gýgjarhólskoti, Bláskógabyggð, sem eiganda jarðanna Gýgjarhólskots, I og II, Bláskógabyggð, að höfða mál fyrir héraðsdómi Suðurlands til viðurkenningar á eignarétti að vatnsréttindum og vatnsafli í Hvítá, Árnæssýslu, fyrir landi jarða hans Gýgjarhólskots I og II, Bláskógabyggð, á hendur hlutafélaginu Sleipni hf. í Reykjavík eða hverjum þeim öðrum sem telja til ofangreindra réttinda.

Málflutningsumboð: Ólafur Björnsson hrl., Lögmannsstofu Ólafs Björnssonar, Eyravegi 15, Selfossi, flytur mál þetta fyrir hönd stefnanda sem er eigandi jarðanna Gýgjarhólskots I og II, Bláskógabyggð, lnr. 167094 og 167095.

Dómkröfur: Af hálfu stefnanda er þess krafist að viðurkennt verði með dómi eignaréttur hans að vatnsréttindum og vatnsafl í Hvítá fyrir landi jarðanna Gýgjarhólskots I og II, Bláskógabyggð, lnr. 167094 og 167095, þ.e. frá:

(p.1) Brúarhlöðum, við Einiholtsmörk/Gýgjarhólskot II (hnit E440628 N418138) um 350 m upp með ánni, eign Gýgjarhólskots II, að mörkum milli Gýgjarhólskotsjarðanna í

(p.2) (hnit E440797 N418520) svo þaðan næstu ca 1.600 m með ánni, eign Gýgjarhólskots I, í

(p.3) (hnit E441809 N419672) og þá næstu ca 870 m með ánni, sem er óskipt land Gýgjarhólskots I og II, að svokölluðu Rjúpnagilspýfi (Gýgjarhólskot lóð)

(p.4) (hnit E442410 N420291,)

Meðfylgjandi er uppdráttur Búnaðarsambands Suðurlands, dags. 16. janúar 2024 af landamerkjum jarðanna við Hvítá, þar sem ofangreindra vatnsréttinda er krafist.

Þá krefst stefnandi jafnframt þess að viðurkennt verði með dómi að öll réttindi hlutafélagsins Sleipnis hf. í Reykjavík til vatns og vatnsafls og nýtingar þess, í Hvítá, fyrir ofangreindu landi jarða stefnanda, Gýgjarhólskot I og II, Bláskógabyggð, lnr. 167094 og 167095, séu fallin niður, og skuli afmáð úr þinglýsingarbókum.

Þá krefst stefnandi greiðslu alls málskostnaðar að skaðlausu úr hendi gagnaðila, ef tekið verður til varna, eftir atvikum in solidum, ef fleiri en einn taka til varna, samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi, eða eftir mati dómsins, að teknu tilliti til virðisaukaskatts. Til vara er þess krafist að málskostnaður verði felldur niður.

Aðild: Stefnandi er eigandi jarðanna Gýgjarhólskots I og II, Bláskógabyggð, lnr. 167094 og 167095, sem báðar liggja með bakka að Hvítá í Árnessýslu.

Stefndi er hlutafélagið/fossafélagið Sleipnir hf. sem er samkvæmt þinglýsingargögnum er sagt vera handhafi umræddra vatnsréttinda jarðarinnar Gýgjarhólskots eða hver sá sem telur til þeirra réttinda. Jafnframt er stefnt hverjum þeim sem telur sig nú eiga ofangreind réttindi, sem þinglýst eru eign hlutafélagsins Sleipnis hf.

Málavextir: Málið varðar vatnsréttindi í Hvítá í Árnessýslu, nánar tiltekið fallréttindi til nýtingar vatns og vatnsafls, í Hvítá, fyrir landi jarðanna Gýgjarhólskots I og II, í Bláskógabyggð, (hér eftir saman nefndar jörðin) en stefnandi er þinglýstur eigandi jarðanna. Jarðirnar eiga landamerki að Hvítá og þar með tilheyrandi vatnsréttindi í ánni að fornu fari.

Stefnandi vísar til munnlegra heimilda um að um 1940, hafi Gýgjarhólsjörðum, þ.e. Gýgjarhóli og Gýgjarhólskoti, verið skipt og hlaut þá Gýgjarhólskot austur hluta jarðanna í sinn hlut, og þar með allan bakkan að Hvítá, svo sem fram kemur í núverandi landskiptalýsingum ofangreindra jarða. Landskiptagerðin frá 1940, hefur hins vegar ekki fundist, en landamerki jarðanna eru óumdeild.

Jörðinni Gýgjarhólskoti hefur síðan verið skipt upp í nokkra parta, en jarðeignir stefnanda Gýgjarhólskot I og II, lnr. 167094 og 167095, liggja að bökkum Hvítár og skiptist þannig; fyrst frá Brúarhlöðum v Einiholtsmörk, (hnit E440628 N418138) í um 350 m upp með ánni að jarðamörkum (hnit E440797 N418520) er eign Gýgjarhólskots II, svo þaðan næstu ca 1.600 m með ánni er eign Gýgjarhólskots I (hnit E441809 N419672) og þá næstu ca 870 m með ánni er óskipt land Gýgjarhólskots I og II, að svokölluðu Rjúpnagilspýfi- (hnit E442410 N420291), sbr. meðfylgjandi uppdrátt Búnaðarsamb Suðurlands dags 16. janúar 2024.

Jörðinni Gýgjarhólskoti var skipt upp í Gýgjarhólskot I og II með landskiptagiörð, dags. 21. nóvember 1965. Þar eru rakin landamerki umræddra jarða, en einnig komi þar fram að tiltekið land Gýgjarhólskots, svokallað Rjúpnagilspýfi sé óskipt sameignarland úr Gýgjarhólskoti. Í landskiptagiörðinni kemur hins vegar ekki fram hvort hlunnindum hafi verið skipt, en ljóst er að báðar jarðirnar eiga land sem liggur að Hvítá, sbr. hér að ofan.

Fyrir liggur því að jarðirnar Gýgjarhóll og Gýgjarhólskot voru óskiptar að stórum hluta um langan aldur, og ljóst er að vatnsréttindi jarðanna í Hvítá fyrir landi þeirra var talin sameign jarðanna að jöfnu árið 1918, en þá var vatnsréttindum þeirra í Hvítá ráðstafað til Gests Einarssonar (f.1880-d 1918) þá bónda á Hæli í

Gnúpverjahreppiu, eða þeim sem hann tilvísar. Gestur framseldi svo réttindin til hlutafélagsins Sleipnis h/f (fossafélagsins Sleipnis), sem er samkvæmt þinglýsingargögnum er sagt vera handhafi umræddra vatnsréttinda jarðarinnar Gýgjarhólskots, sbr. þrjár þinglýstar yfirlýsingar, sjá einnig veðbandayfirlit eignanna.

Um ræðir yfirlýsingu, dags. 9. janúar 1918, sem var þinglýst að Vatnsleysu í Biskupstungum þann 14. júní 1918, nefnt kauptilboð, en þar kemur fram að þáverandi eigendur Gýgjarhóls og Gýgjarhólskots ráðstafi vatnsréttindum jarðanna í Hvítá til Gests Einarssonar á Hæli, með nánar tilgreindum hætti:

Við undirritaðir Guðni Diðriksson eigandi og ábúandi jarðarinnar Gýgjarhóls í Biskupstungnahreppi, Gísli Guðmundsson bóndi í Kjarnholtum eigandi ½ lands Gýgjarhólskots og Ingvar Guðmundsson húsmadur á Brú, eigandi ½ lands nefnds Gýgjarhólskot í Biskupstungnahreppi, skuldbindum okkur hér með til að selja hr. Gest Einarssyni bónda á Hæli eða þeim sem hann tilvísar öll réttindi til vatns og vatnsafls í Hvítá fyrir löndum fyrrnefndra eignarjarða okkar, svo og rétt til áveitu og fráveitu vatnsins fyrir og á land téðra jarða, sem gera þarf vegna útbygginga vatnsafls Hvítár, eða í sambandi við notkun vatnsaflsins. Enn fremur fylgir hér með réttur til hverskonar byggingarefnis sem nota þarf til nauðsynlegrar starfrækslu vatnsaflsins ásamt rétti til að stýfla ána, gjöra raf eða vatnsleiðslur um lönd okkar og yfir höfuð takmarkalaus réttur til að notfæra sér vatnsfall Hvítár. Öll fyrrgreind réttindi lofum vér að selja gegn því, að Gestur Einarsson, eða sá, eða þeir, er hann [...]
í

Gestur frá Hæli var á þessum tíma í fyrirsvari fyrir hlutafélagið Sleipni hf. (fossafélagið Sleipni), ráðstafaði umræddum réttindum til félagsins.

Meira en 100 ár eru nú frá því að umræddum yfirlýsingum um rétt hlutafélagsins Sleipnis var þinglýst á jörðina Gýgjarhólskot og ljóst að réttindi skv. þeim hafa aldrei verið nýtt.

Ekkert virðist vera vitað um afdrif umrædds félags „Sleipnis h/f“ en félagið er ekki til í þjóðskrá, og virðist ekki hafa kennitölu eða raun nokkru sinni hafa verið skráð í hlutafélagaskrá, eða haft nafnnúmer eða kennitölu, sbr. skilagrein Raforkumálastjóra um vatnsréttindi Hvítár, dags. 28. desember 1959.

Í riti Sigurðar Ragnarssonar, *Fossakaup og framkvæmdaáform, þættir úr sögu fossamálsins, síðari hluti*, er að nokkru leyti fjallað um sögu umrædds félags, sem þar er nefnt Fossafélagið Sleipnir og meðferð vatnsréttinda í Hvítá. Í greininni kemur fram að tilgangur ráðstöfunnar vatnsréttinda í Hvítá hafi verið sá að koma í veg fyrir að umrædd réttindi myndu falla í hendur erlendra aðila. Þar segir um félagið:

Heimildir um fossafélagið Sleipni og framkvæmdaáform þess eru af fremur skornum skammti. Þó virðist ljóst, að Gestur frá Hæli var aðaldrifffjöldur félagsins. kemur það m.a. fram í því að hann annaðist réttindaöflun félagsins að langmestu leyti, þó að fleirri kæmi þar við sögu, einkum Skúli Gunnlaugsson frá Kiðjabergi, síðar bóndi og hreppstjóri í Bræðratungu, og Magnús Arnbjarnarson lögfræðingur frá Selfossi. Af öðrum mönnum, sem riðnir voru við félagið, má nefna þá Elías Stefánsson útgerðarmann í Reykjavík og G. Copeland fiskkaupmann í Reykjavík. Engra erlendra aðila er getið í sambandi við Sleipni. [...]

Flest er á huldu um framkvæmdaáform félagsins. Þó liggur ljóst fyrir, að á þess vegum fóru fram nokkrar rannsóknir á virkjunarástæðum í Hvítá sumarið 1918. [...] Ekkert virðist hafa orðið úr frekari rannsóknum af hálfu Sleipnis. Má ætla, að fráfall Gests á Hæli hafi átt sinn þátt í að félagið lét ekki frekar til sín taka. [...]

Stefnandi kveður því skýrt að umrædd réttindi hins óskráða félagsins Sleipnis, séu niður fallin á grundvelli brostinna forsendna, enda varð aldrei úr nýtingu vatnsréttindanna, sem var forsenda fyrir viðskiptunum.

Stefnandi sendi þinglýsingarstjóra á Suðurlandi tölvubréf þann 14. október 2022 og óskað eftir því að umrædd réttindi Sleipnis yrðu afmáð úr þinglýsingarbókum, enda réttindin augljóslega ekki lengur fyrir hendi og vísaði til 38. gr. þingl. laga nr 39/1978. Sýslumaður taldi hins vegar nauðsynlegt að stefnandi aflaði sér dóms fyrir réttindum þessum sbr. tölvubréf hans til lögmanns stefnanda dags 01.02.2023.

Stefnandi telur sig knúinn til að stefna umræddu félagi Sleipni h/f fyrir dómi, eða hverjum þeim sem telur sig nú eiga umrædd réttindi, til að fá úr því skorið hvort umrædd vatnsréttindi séu fallin til jarðarinnar að nýju, og að viðurkennt sé að afmá skuli úr þinglýsingarbókum Gýgjarhólskots réttindi þau til vatnsréttinda í Hvítá sem skráð eru á hið týnda hlutafélag Sleipni hf.

Málsástæður: Stefnandi, krefst þess að viðurkenndur verði með dómi eignarréttur hans að vatnsréttindum, og vatnsafl í Hvítá fyrir landi jarða sinna, Gýgjarhólskoti I og II, Bláskógabyggð, lnr. 167094 og 167095.

Stefnandi vísar til þess að þinglýstar yfirlýsingar sem kveða á um að vatnsréttindum jarðarinnar í Hvítá hafi verið ráðstafað til hlutafélagsins Sleipnis hf. árið 1918 séu niður fallnar á grundvelli brostinna forsendna, sem og fyrir þær sakir að umrætt félag hafi í raun aldrei verið stofnað, og hafi því í raun aldrei verið bær sem lögformlegur eigandi umræddra vatnsréttinda í Hvítá fyrir landi Gýgjarhólskots.

Í raun hafi samningurinn aldrei komist endanlega á og aldrei verið fyllilega efndur og því ósanngjarnt að bera hann fyrir sig af hálfu rétthafa, sem enginn veit þó hver er nú.

Stefnandi telur ljóst er að tilgangur ráðstöfunar á umræddum réttindum til umrædds félags á sínum tíma hafi verið áform um framleiðslu rafmagns úr vatnsafla Hvítár, en þau áform raungerðust aldrei. Á því er byggt að skilagrein Raforkumálastjóra um vatnsréttindi Hvítár frá 1959 sýni fram á að umrætt félag hafi aldrei verið stofnað og hóf rekstur. Vísað er til þess að gjaldþrot stærsta hluthafans sem á bak við félagið stóð, G. Copeland fiskkaupmann í Reykjavík, hafi leitt til endaloka félagsins.

Jafnframt er vísað til þess að umrædd bréf hafi ekki komið til skipta við erfðaskipti eftir Gest Einarsson á Hæli og Skúla Gunnlaugsson í Bræðratungu. Leiðir þetta til þess að allir hafi litið svo á, sem hugsnlega töldu til réttinda yfir umræddu félagi og þar með hinum umþrættu réttindum, að þau þau væru fallin til jarðarinnar að nýju.

Á því er byggt að ekki liggi neitt fyrir um hvert sé eignarhald umrædds félags sé í dag, eða þá hvort yfir höfuð nokkur telji sig eiganda þess og þ.m.t. þeirra réttinda sem félagið er talið eiga skv. umræddum yfirlýsingum í Hvítá fyrir landi Gýgjarhólskots. Stefnandi vísar til þess að sá eignarréttur að ofangreindum vatnsréttindum í Hvítá, sem hafi verið á hendi hins óskráða félags Sleipni hf, hafi fallið til jarðarinnar Gýgjarhólskots að nýju við gjaldþrot aðaleiganda félagsins, og eða gjaldþrot-slit félagsins sjáfs, enda forsendur fyrir framsali réttindanna þá brostnar.

Stefnandi vísar til þess að ekkert liggi fyrir um að að stefndi hafi verið formlega stofnaður. Er á því byggt að þar sem umræddum réttindum var ráðstafað frá jörðum stefnanda með ofangreindum hætti, til ofangreinds óskráðs hlutafélags, sem aldrei tók til starfa, þá séu þau fallin til jarðarinnar að nýju.

Stefnandi byggir einnig á því að eignaréttindi Sleipnis hf. í vatnsréttindum í Hvítá fyrir landi Gýgjarhólskots, séu gengin til baka til upprunajarðarinnar, þ.e. nú Gýgjarhólskots I og II sem á réttindin í Hvítá fyrir landi jarðarinnar, á grundvelli hefðar. Stefnandi og forverar hans hafa einir farið með umráð ofangreindra réttinda í fullan hefðartíma, og enginn gert athugasmdir við þau.

Stefnandi lýsir jafnframt yfir riftun umræddra samninga við hið stefnda félag Sleipni hf á grundvelli brostinna forsendna, teljist samningurinn enn í gildi, gagnvart hverjum þeim sem telur sig eiga réttindi samkvæmt honum. Stefnandi telur hins vegar hugsanlegar endurkröfur vegna greiðslu kaupverðs réttindanna fyrndar.

Þá vísar stefnandi einnig til síðari löggerninga um jörðina Gýgjarhólskot, en þar er hvergi tekið fram að jörðinni fylgi ekki vatnsréttindi í Hvítá. Núverandi landeigandi telur ljóst af þessum löggerningum að fyrri eigendur jarðarinnar hafi litið svo á að umrædd réttindi væru niðurfallinn og tilheyrðu með réttu jörðinni að fornu fari.

Stefnandi vísar til afsals frá 1980, þar sem segir að jörðin Gýgjarhólskot sé seld og afsöluð „að meðtöldum húsum, ræktun og öðru, sem þeirri jörð fylgir og fylgja ber, að undanskildri 30. ha. landspildu við Hvítá.“ Umrædd landspilda hefur lnr. 220190 og fnr. 234-6383 og er í eigu frændfólks stefnanda, sbr. veðbandayfirlit fyrir eignina. Ekkert kemur fram í afsalinu frá 1980 um það hvort umræddri spildu fylgi hlutdeild í óskipum hlunnindum jarðarinnar og þar með hlutdeild í vatnsréttindum hennar. Í afsalinu eru þó nánar tiltekin hlunnindi upptalin sem sögð eru fylgja spildunni, en ekki vatnsréttindi í Hvítá. Á því er engu að síður byggt að spildunni tilheyrir vatnsréttindi í Hvítá á grundvelli bakkaréttar, en spildan á landamerki að Hvítá.

Stefnandi vísar einnig til afsals frá 5. maí 1989, en þar kemur fram að jörðin Gýgjarhólskot sé seld án annarra kvaða eða veðbanda en í afsalinu greinir. En ekkert kemur þar fram um vatnsréttindi í Hvítá.

Í afsali frá 18. apríl 1990, þegar stefnandi keypti hana af forvera sínum, kemur fram að jörðinni Gýgjarhólskoti I fylgi öll gögn hennar og gæði, þ.m.t. útihús, mannvirki, girðingar, land, ræktun, réttindi og hlunnindi sem jörðinni fylgir og fylgja ber. Sérstaklega var undanskilið íbúðarhús og borhola. Ekkert kemur fram um vatnsréttindi í Hvítá.

Stefnandi var því í góðri trú um að umrædd réttindi tilheyrðu jörðinni Gýgjarhólskoti þegar hann eignaðist jarðirnar, og hefur jafnframt farið með þau sem sín eigin um alla tíð eða í hátt nær 33 ár, **sem jafnframt verður**

að teljast fullur hefðartími, sbr. hefðarlög, og er því ítrekað haldið fram að ofangreind vatnsréttindi í Hvítá, fyrir landi jarða stefnanda, Gýgjarhólskoti I og II, Bláskógabyggð, lnr. 167094 og 167095, séu hvað sem öðru líður eign hans, sem hluti af jörðunum fyrir fullnaða hefð.

Varðandi kröfu stefnanda þess efnis að vatnsréttindin í Hvítá fylgi jörð hans fyrir landi jarðarinnar að ánni á grundvelli bakkaréttar, er vísað til dóms Hæstaréttar frá 12. október 2017, mál 505/2016, en þar kom m.a. fram að allt frá gildistöku vatnalaga nr. 15/1923 hefði meginreglan verið sú að vatnsréttindi, m.a. réttur til að vinna orku úr fallvatni, fylgdu því landi, sem vatn lægi að eða félli um, nema annað hefði verið ákveðið á lögmaetan hátt, þar á meðal með samningi um kaup eða landskipti.

Stefnandi byggir kröfur sínar á því að við landskipti á Gýgjarhólsjörðum 1940, og síðari landskiptum jarðanna innbyrðis, hafi tilheyrandi bakki jarðanna að Hvítá komið í hlut Gýgjarhólskots, og því fylgi vatnsréttindin í Hvítá jörðum stefnanda Gýgjarhólskots 1 og 2 eingöngu, svo sem fyrr er rakið, m.a. með vísan til framangreinds dóms, og til meginreglna vatnalaga nr 15/1923 um rétt landeigenda til orkunýtingar vatns fyrir landi jarða sinna.

Tilvísun til helstu lagaákvæða: Vísað er til eignarréttarákvæðis 72. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, og til 1.gr samningsviðauka nr. 1, um vernd eignarréttar í mannréttindasáttmála Evrópu. Vísað er til vatnalaga nr. 15/1923, hefðarlaga nr. 46/1905 og jarðalaga nr. 81/2004. Einnig er vísað til þinglýsingarlaga nr. 39/1978, einkum 38. gr. og 39. gr. laganna. Vísað er til hlutafélagalaga og til meginreglna samninga og kröfuréttar um að gerða samninga skuli halda, svo og meginreglna samninga og kröfuréttar um brostnar forsendur, fyrningu og tómlæti. Vísað er til 36. gr. samningalaga nr. 7/1936, með síðari breytingum.

Varðandi málalítilbúnað og réttarfar í máli þessu er vísað til ákvæða 1. og 2. mgr. 122. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála og c. lið 1. mgr. 89. gr. sömu laga.

Um málskostnaðarkröfu er vísað til XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Framlögð gögn: Lögð verða fram eftirfarandi skjöl:

1. Stefna þessi.
2. Skjalaskrá.
3. Veðbandayfirlit fyrir Gýgjarhólskotsjarðir, dags. ágúst 2023.
4. Söluskjöl vatnsréttinda Gýgjarhólsjarða, dags. 9. febrúar 1918.
5. Um vatnsréttindi í Hvítá- Raforkumálastjóri-Skilagrein 188, Sigurjón Rist, dags. 28. desember 1959.
6. Rit Sigurðar Ragnarssonar, Fossakaup og framkvæmdaáform, Þættir úr sögu fossamálsins, síðari hlut, bls. 197-206.
7. Uppdráttur af Gýgjarhólsjörðum – með hnitum við Hvítá.- dags.Búnaðars. Suð. 16. janúar 2024.

Fyrirvari: Áskilinn er réttur til að koma að frekari kröfum, málsástæðum, lagarökum og sönnunargögnum á síðari stigum, þar á meðal við munnlegan flutning, ef tilefni þykir til. Þá er áskilinn réttur til að leiða vitni eftir því sem þurfa þykir.

Áskorun og Fyrirkall: Fyrir því stefnist hér með forsvarsmönnum hlutafélagsins Sleipnis hf, með óþekkt heimilisfang, sem og hverjum þeim er til réttar telur yfir félaginu, eða framangreindum vatnsréttindum í Hvítá, í heild eða að hluta, að mæta er mál þetta verður þingfest í dómsal Héraðsdóms Suðurlands að Austurvegi 2, Selfossi miðvikudaginn 16. október 2024, kl. 14.00, til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í rétt lögð, á sókn sakar og dómkröfur hlýða, til sakar að svara og til að leggja fram gögn af sinni hálfu og dóm þola í framangreinda átt. Verði ekki mætt af hálfu stefndu við þingfestingu málsins má búsast við því að útivistardómur gangi í málinu og kröfur stefnanda verði teknar til greina.

Stefna þessi verður birt opinberri birtingu í Lögbirtingablaðinu og er stefnufrestur einn mánuður.

Selfossi, þann 5. september 2024.

F.h. stefnanda,

Ólafur Björnsson hrl.

(2024017910

Útgáfud.: 13. september 2024

Stefna - til ógildingar veðskuldabréfs

Dómstjóri Héraðsdóms Reykjaness, Jónas Jóhannsson,

gjörir kunnugt: Mér hefur tjáð Hafsteinn Viðar Hafsteinsson, lögmaður, Katrínartúni 4, Reykjavík, að hann þurfi fyrir hönd Grákletts ehf., kt. 420798-4159, Heiðarbakka 12, Reykjanesbæ, að höfða mál fyrir Héraðsdómi Reykjaness til ógildingar á neðangreindu veðskuldabréfi.

Dómkröfur: Stefndandi gerir þær kröfur að ógilt verði með dómi veðskuldabréfútgefið í Reykjanesbæ þann 22. janúar 2017 af Moniku Mariu Matwiejczyk kt. 020782-5289, upphaflega að fjárhæð kr. 2.800.000. Skuldabréfið er tryggt með 2.veðrétti í fasteignútgefanda að Víkurbraut 9, Grindavík, fasteignanúmer F2092484, með uppfærslurétti.

Málsástæður: Veðskuldabréfið var mótttekið til þinglýsingar hjá sýslumanninum á Suðurnesjum þann 21. apríl 2017 og innfært 11. maí sama ár. Það hvílir í dag á 2. veðrétti fyrrgreindrar fasteignar að Víkurbraut 9. Skuldabréfið er bundið vísitölu neysliverðs með grunnvísitölu 438,4 og ber fasta 4,20% vexti. Skuldabréfið er til 10 ára með 120 afborgunum auk vaxta á eins mánaða fresti í fyrsta sinn þann 1. júní 2017.

Stefndandi er eigandi skuldabréfsins og kröfuhafi samkvæmt því. Frumrit bréfsins er hins vegar glatað og hefur ekki fundist þrátt fyrir itrekaða leit en bréfið var í innheimtu hjá Landsbankanum hf. en það glataðist í meðförum bankans. Skuldabréfið er nú uppgreitt og er stefndandi því nauðsyn að fá framangreint veðskuldabréf ógilt með dómi svo honum sé unnt að fá það afmáð af veðbók fasteignarinnar.

Lagarök: Stefndandi höfðar málið með heimild í 120. og 121. gr. laga nr. 91 frá árinu 1991 um meðferð einkamála og 3. mgr. 91. gr. sömu laga. Málið er höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjaness skv. 2. mgr. 120. gr. laga nr. 91/1991. Stefna þessi er birt í Lögbirtingablaðinu skv. 3. mgr. 121. gr. laga nr. 91/1991.

Sönnunargögn: Við þingfestingu máls þessa kveðst stefndandi munu leggja fram:

1. Stefnu þessa.
2. Útrentun auglýsingar stefnu þessarar í Lögbirtingablaði.
3. Afrit veðskuldabréfs.
4. Veðbandayfirlit fyrir fasteignina að Víkurbraut 9, F2092484.

Fyrirkall: Fyrir því stefnist hér með hverjum þeim, sem kann að hafa framangreint veðskuldabréf undir höndum eða telur til réttar yfir því, til þess að mæta á dómþingi Héraðsdóms Reykjaness sem haldið verður í dómsal 1 að Fjarðargötu 9, Hafnarfirði, miðvikudaginn 16. október 2024, kl. 9.00, þegar mál þetta verður þingfest, til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, hlýða á dómkröfur og sókn sakar, leggja fram gögn af sinni hálfu og sanna rétt sinn til viðkomandi veðskuldabréfs. Að öðrum kosti má búast við að útvistardómur gangi í málinu og krafastefnanda um ógildingu veðskuldabréfsins verði tekin til greina. Stefnufrestur ákveðst einn mánuður.

Hafnarfirði, 9. september 2024.

Jónas Jóhannsson.

(2024017939

Útgáfud.: 13. september 2024

Stefna - til ógildingar veðskuldabréfs

Dómstjóri Héraðsdóms Reykjavíkur, Ingibjörg Þorsteinsdóttir,

gjörir kunnugt: Mér hefur tjáð Hafsteinn Viðar Hafsteinsson, lögmaður, Katrínartúni 4, Reykjavík, að hann þurfi fyrir hönd Landsbankans hf., kt. 471008-0280, Reykjastræti 6, Reykjavík, að höfða mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur til ógildingar á neðangreindu veðskuldabréfi.

Dómkröfur: Stefndandi gerir þær kröfur að ógilt verði með dómi veðskuldabréfnr. 0101-36-144841 útgefið í Reykjavík þann 4. maí 2017 af Guðsteini Bjarnasyni kt. 021259-3069 og Heiðrúnu Kristínu Guðvarsdóttur kt.

030765-4279, upphaflega að fjárhæð kr. 6.600.000. Skuldabréfið var tryggt með 6.veðrétti í fasteignútgefanda að Hamrabergi 5, Reykjavík, fasteignanúmer F2051245, með uppfærslurétti.

Málsástæður: Veðskuldabréfið var móttengið til þinglýsingar hjá Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu þann 4. maí 2017 og innfært 12. maí sama ár. Það hvílir í dag á 2. veðrétti fasteignarinnar að Hamrabergi 5. Skuldabréfið er óverðtryggt. Bréfið ber breytilega íbúðalánavexti eins og þeir eru ákveðnir af stefnanda, upphaflega 6,5%. Skuldabréfið er til 30 ára með 360 afborgunum auk vaxta á eins mánaða fresti í fyrsta sinn þann 1. júní 2017.

Stefnandi er eigandi skuldabréfsins og kröfuhafi samkvæmt því. Frumrit bréfsins er hins vegar glatað og hefur ekki fundist þrátt fyrir ítrekaða leit en það tapaðist í meðförum stefnanda. Stefnanda er nauðsynlegt að fá dóm til ógildingar á bréfinu, svo hann geti nýtt réttar síns samkvæmt hinu glataða skuldabréfi.

Lagarök: Stefnandi höfðar málið með heimild í 120. og 121. gr. laga nr. 91 frá árinu 1991 um meðferð einkamála og 3. mgr. 91. gr. sömu laga. Málið er höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur skv. 2. mgr. 120. gr. laga nr. 91/1991. Stefna þessi er birt í Lögbirtingablaðinu skv. 3. mgr. 121. gr. laga nr. 91/1991.

Sönnunargögn: Við þingfestingu máls þessa kveðst stefnandi munu leggja fram:

1. Stefnu þessa.
2. Útprintun auglýsingar stefnu þessarar í Lögbirtingablaði.
3. Afrit veðskuldabréfs.
4. Veðbandayfirlit fyrir fasteignina að Hamrabergi 5, F2051245.

Fyrirkall: Fyrir því stefnist hér með hverjum þeim, sem kann að hafa framangreint veðskuldabréf undir höndum, eða telur til réttar yfir því, til þess að mæta á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur sem haldið verður í dómsal 102, Dómhúsinu við Lækjartorg, Reykjavík, fimmtudaginn 15. október 2024, kl. 10.00, þegar mál þetta verður þingfest, til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, hlýða á dómkröfur og sókn sakar, leggja fram gögn af sinni hálfu og sanna rétt sinn til viðkomandi veðskuldabréfs. Að öðrum kosti má búast við að útivistardómur gangi í málinu og krafa stefnanda um ógildingu veðskuldabréfsins verði tekin til greina. Stefnufrestur ákveðst einn mánuður.

Reykjavík, 3. september 2024.

Ingibjörg Þorsteinsdóttir

(2024017940

Útgáfud.: 16. september 2024

Stefna - til lögskilnaðar

Arnar Ingi Ingvarsson lögmaður,

CATO Lögmennt,

Kalkofnsvegi 2, Reykjavík,

gjörir kunnugt: Að hann þurfi fyrir hönd July Dayan Parra Lopera, kt. 260687-3879, Dúfnahólum 4, Reykjavík, að höfða mál á hendur Juliana Andrea Rodriguez Segura, fd. 28.8.1996, ríkisborgara Kólumbíu, með óþekkt heimilisfang.

Dómkröfur: Stefnandi krefst þess að henni verði með dómi veitt leyfi til lögskilnaðar frá stefndu. Stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda vegna reksturs máls þessa eins og mál þetta væri eigi gjafsóknarmál.

Málsatvik: Stefnandi er fædd í Kólumbíu en fluttist til Íslands árið 2009. Stefnandi öðlaðist íslenskan ríkisborgararétt árið 2016, sbr. dómsskjal nr. 3. Stefnandi á eitt barn úr fyrra sambandi sem jafnframt er íslenskur ríkisborgari. Stefnda er ríkisborgari Kólumbíu, sbr. dómsskjal nr. 4.

Stefnandi kynnist stefndu í Kólumbíu þegar hún ferðaðist til heimalands síns. Í framhaldinu héldu þær sambandi og varð stefnandi ástfangin af stefndu. Árið 2022 ákváðu þær að ganga í hjúskap. Þann 8. desember 2022 gengu þær í hjúskap hjá Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu, sbr. dómsskjal nr. 5. Í kjölfarið sóttu þær um

dvalarleyfi hjá Útlendingastofnun fyrir stefndu þann 15. desember 2022, sbr. dómsskjal nr. 6. Var stefndu veitt heimild til að dvelja á Íslandi á meðan umsóknin var til vinnslu. Skömmu síðar komst stefnandi að því að stefnda hefði verið ótrú og væri að hitta annan aðila og stunda framhjáhald. Stefnda yfirgaf Ísland í framhaldinu í lok ársins 2022 án þess að láta stefnanda vita. Sagði hún móður stefnanda að hún ætlaði til Spánar og svo heim til Kólumbíu. Að mati stefnanda var hjúskaparmyndunin til málamynda af hálfu stefndu og hún hefði notfært sér stefnanda til að fá heimild til að dvelja í Evrópu.

Stefnandi hefur ekki náð neinu sambandi við stefndu síðan í desember 2022, þrátt fyrir tilraunir þess efnis í því skyni að ganga frá skilnaði. Stefnandi hefur enga vitneskju hvar stefnda sé stödd eða eigi heimili. Stefnanda er því einn sá kostur nauðugur að höfða mál þetta til þess að fá lögskilnað frá stefndu.

Stefnandi gerir tilraun til að fá stefnuna birta á því heimilisfang sem hún bjó áður á í Kólumbíu þegar þær kynntust. Þá heldur kólumbíska ríkið ekki þjóðskrá og því ekki unnt að fá liðsinni þaðan.

Málsástæður og lagarök: Stefnandi vísar til 37. gr. hjúskaparlaga nr. 31/1993 kröfu sinni til stuðnings og bendir á að hún og stefnda hafi ekki verið í samskiptum síðan í desember 2022. Stefnandi hefur ekki náð á stefndu og er ókunnugt um dvalarstað hennar. Stefnanda er því nauðsynlegt að leita skilnaðar fyrir dómstólum, sbr. 2. mgr. 41. gr. hjúskaparlaga.

Stefnandi vísar til þess að hún og stefnda eigi engar sameiginlegar eignir og hafi aldrei verið með sameiginlegan fjárhag. Stefnandi á engar eignir sjálf og gerir engar fjárkröfur á hendur stefndu. Stefnandi lýsir því yfir að hún sé eignarlaus með öllu, sbr. 1. mgr. 95. gr. laga nr. 31/1993. Stefnda hefur ekki gert fjárkröfur á hendur stefnanda, enda á stefnandi engar eignir, líkt og nýjasta skattframtal hennar staðfestir, sbr. dómsskjal nr. 7. Stefnandi telur því að líta beri svo á að samkomulag liggi fyrir milli aðila, sbr. 1. mgr. 44. gr. hjúskaparlaga nr. 31/1993. Fallist dómstóllinn ekki á að líta beri svo á að samkomulag liggi fyrir um fjárskiptin, setur stefnandi fram kröfu um opinber skipti samhliða málshöfðun þessari, sbr. áskilnað lokamálsliðar 1. mgr. 44. gr. laga nr. 31/1993.

Um lögsögu vísast til 114. gr. hjúskaparlaga nr. 31/1993 og um varnarþing er vísað til 115. gr. sömu laga, sbr. 43. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Um málskostnað vísast til 130. gr. laga um meðferð einkamála og um virðisaukaskatt af málflutningsþóknun er vísað til laga nr. 50/1988, en stefnandi er ekki virðisaukaskattsskyldur aðili.

Um stefnubirtingu og stefnufrest vísast til a-liðar 89. gr. og 3. mgr. 91. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. Stefnda er með óþekkt heimilisfang og er engin vitneskja um hvar hana megi finna. Stefna málsins er því birt í Lögbirtingablaði samkvæmt a-lið 89. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991.

Skjöl og sönnunargögn: Við þingfestingu málsins verða lögð fram eftirtalin gögn:

1. Stefna þessi.
2. Skjalaskrá.
3. Ríkisfangsbréf stefnanda, dags. 2. nóvember 2016.
4. Fæðingarvottorð stefndu frá Kólumbíu, dags. 17. júlí 1997.
5. Hjónavígsluvottorð frá Þjóðskrá Íslands, dags. 22. maí 2024.
6. Staðfesting á móttöku umsóknar um dvalarleyfi frá Útlendingastofnun, dags. 28. desember 2022.
7. Skattframtal stefnanda 2024.

Endanlegt yfirlit yfir framlögð gögn verður kynnt í skjalaskrá við þingfestingu málsins.

Skýrslutökur fyrir dómi: Af hálfu stefnanda er áskilinn réttur til að leiða vitni fyrir dóm til skýrslugjafar ef við á. Verður þá upplýst um það atriði á síðari stigum málsmeðferðarinnar.

Fyrirkall: Fyrir því stefnist hér með Juliana Andrea Rodriguez Segura, fd. 28.8.1996, ríkisborgara Kólumbíu, með óþekkt heimilisfang, til þess að mæta á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð verður í dómshúsi réttarins við Lækjartorg þriðjudaginn 5. nóvember 2024, kl. 10.00 er mál þetta verður þingfest, til þess þar og þá, ef ekki verður sátt í málinu, að leggja fram gögn af sinni hálfu. Ef ekki verður mætt af hálfu stefnda við þingfestingu málsins má hann búast við því að útvistardómur gangi í málinu. Stefnufrestur er einn mánuður.

Reykjavík, 6. september 2024.
F. h. stefnanda,
Arnar Ingi Ingvarsson lögmaður.

(2024018004

Útgáfud.: 5. september 2024

Svipting fjárræðis

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjaness, uppkveðnum 3. september 2024 síðastliðinn í máli nr. L-1648/2024, var Jónas Haukdal Óskarsson, kt. 160345-4709, sviptur fjárræði tímabundið í tíu ár frá uppkvaðningu úrskurðar að telja.

Héraðsdómi Reykjaness, 4. september 2024.
Erna Björt Árnadóttir aðstoðarmaður dómara.

(2024017419

Útgáfud.: 13. september 2024

Svipting fjárræðis

Með úrskurði Héraðsdóms Vesturlands 11. september 2024, var Unnur Leifsdóttir kt. 050131-2629, svipt fjárræði tímabundið í fimm ár.

Borgarnesi, 12. september 2024.
Lárentsínus Kristjánsson héraðsdómari.

(2024017916

Útgáfud.: 13. september 2024

Svipting lögræðis

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur, uppkveðnum 12. september 2024, í máli nr. L-4345/2024, var Logi Arnar Jón Sigurðsson, kt. 041002-2710, sviptur lögræði tímabundið í tvö ár frá uppkvaðningu úrskurðar að telja.

Héraðsdómi Reykjavíkur, 12. september 2024.

Björn Þorvaldsson héraðsdómari.

(2024017935

Útgáfud.: 10. september 2024

Hlutfélagaskrá – nýskráning**Félagið heitir: Gamla húsið okkar ehf.****Kt.: 670824-2920.****Heimili og varnarþing: Lundi 4, 200 Kópavogur.****Dagsetning samþykktar er: 25. júlí 2024.**

Stofnendur: Árni Árnason, kt. 260449-2579, Fífumýri 13, 210 Garðabær, Guðmundur Þorgeirsson, kt. 140346-5869, Klapparási 4, 110 Reykjavík, Eiríkur Ingvar Þorgeirsson, kt. 200353-2189, Naustavör 38, 200 Kópavogur, Gestur Þorgeirsson, kt. 150748-5349, Vogalandi 9, 108 Reykjavík, Guðni Rafn Eiríksson, kt. 040477-5199, Lambaseli 4, 109 Reykjavík, Margrét Hjaltadóttir, kt. 010944-4069, Hrauntungu 50, 200 Kópavogur, Árni Gunnarsson, kt. 160951-3709, Lundi 4, 200 Kópavogur, Ólafur Hjaltason, kt. 020448-4909, Mánatúni 9, 105 Reykjavík.

Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.: 25. júlí 2024.

Formaður stjórnar: Marta Þórðardóttir, kt. 110980-3459, Lambaseli 4, 109 Reykjavík. **Meðstjórnendur:** Gestur Þorgeirsson, Árni Gunnarsson.

Firmað ritar: Meirihluti stjórnar.**Framkvæmdastjórn:** Árni Gunnarsson.**Prókúruumboð:** Árni Gunnarsson.

Skoðunarmaður/endurskoðandi: Birta endurskoðun slf., kt. 530820-0170, Höfðabakka 9, 110 Reykjavík, Sturla Jónsson, kt. 150953-3249, Sólheimum 25, 104 Reykjavík.

Hlutfé kr.: 3.400.000 ISK

Tilgangur: Tilgangur félagsins er rekstur fasteigna, útleiga eigna og lánastarfsemi.

Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.**Lausnarskylda á hlutabréfum:** Nei.**Ríkisskattstjóri, hlutfélagaskrá.**

(2024017536

Útgáfud.: 10. september 2024

Hlutfélagaskrá – nýskráning**Félagið heitir: Regtech ehf.****Kt.: 690824-0190.****Heimili og varnarþing: Mýrargötu 35, 101 Reykjavík.****Dagsetning samþykktar er: 26. ágúst 2024.**

Stofnendur: Pavel Chen, kt. 190787-3629, Mýrargötu 35, 101 Reykjavík, Oksana Kovalenko, kt. 010990-5139, Mýrargötu 35, 101 Reykjavík.

Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.: 26. ágúst 2024.

Formaður stjórnar: Oksana Kovalenko. **Meðstjórnandi:** Pavel Chen.

Firmað ritar: Ef einn í stjórn: Stjórnarmaður, ef stjórn er fjölskipuð: Meirihluti stjórnar.

Framkvæmdastjórn: Pavel Chen.**Prókúruumboð:** Oksana Kovalenko, Pavel Chen.

Skoðunarmaður/endurskoðandi: Alexandre Thiroux--Boddaert, kt. 190197-4339, Drápuhlíð 9, 105 Reykjavík.

Hlutfé kr.: 500.000 ISK

Tilgangur: Tilgangur er ráðgjafastarfsemi á sviði upplýsingatækni með fókus á net- og tölvuöryggi ásamt þróun og rannsóknum á öryggishugbúnaði.

Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.**Lausnarskylda á hlutabréfum:** Nei.**Ríkisskattstjóri, hlutfélagaskrá.**

(2024017537

Útgáfud.: 10. september 2024

Hlutfélagaskrá – nýskráning**Félagið heitir: L1250 ehf.****Kt.: 670824-0390.****Heimili og varnarþing: Borgartúni 26, 105 Reykjavík.****Dagsetning samþykktar er: 22. ágúst 2024.**

Stofnendur: LEX ehf., kt. 570297-2289, Borgartúni 26, 105 Reykjavík.

Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.: 22. ágúst 2024.

Stjórnarmaður: Örn Gunnarsson, kt. 181168-3159, Hólmaflöt 5, 300 Akranes. **Varastjórn:** Einar Sveinn Ingólfsson, kt. 280257-3119, Goðalandi 2, 108 Reykjavík.

Firmað ritar: Ef einn í stjórn: Stjórnarmaður, ef stjórn er fjölskipuð: Meirihluti stjórnar.

Prókúruumboð:

Skoðunarmaður/endurskoðandi: Ljósbrá Baldursdóttir, kt. 240671-5659, Þrándarseli 4, 109 Reykjavík.

Hlutfé kr.: 500.000 ISK

Tilgangur: Fjárfestingar, kaup og sala félaga, lánastarfsemi og annar skyldur rekstur.

Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.**Lausnarskylda á hlutabréfum:** Nei.**Ríkisskattstjóri, hlutfélagaskrá.**

(2024017582

Lögbirtingablað,

53. tölublað 2024.

Útgefandi og ábyrgðarmaður, sýslumaðurinn á Suðurlandi,

Kristín Þórðardóttir.